

9 stjórnarfundur Leiknar þriðjudaginn 18. september 2006, kl. 14:00

Haldinn með fjarfundabúnaði í Reykjavík, Ísafirði, Egilsstöðum og Keflavík.
Staðsetning í Reykjavík hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að Skeifunni 8.

Mætt: Aðalheiður Jónsdóttir, Birna Gunnlaugsdóttir, Guðjónína Sæmundsdóttir, Emil Björnsson, Hulda Ólafsdóttir, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Jóhanna Arnórsdóttir og Smári Haraldsson.

1. Fjárhagsstaðan, sbr. einnig 2. lið fundargerðar frá 3. júlí 2006 um styrk frá menntamálaráðherra.

Guðjónína greindi frá að inneign væri um kr. 800.000 og þar af kr. 500.000 sem fara í kyningar og upplýsingamál. EAEA hefur fengið árgjaldið greitt kr. 90.000 og kr. 130.000 haffa verið greidd til Menntar vegna þeirra vinnu. Tæplega kr. 500.000 koma inn í félagsgjöld á ári og er því rekstrarféð.

Ingibjörg hvatti aðila til að leggja það að mörkum til starfsemi Leiknar sem hægt er að samnýta, s.s. ferðir a erlenda fundi.

Útgjöld eru árgjöld EAEA, ferðir á stjórnarfundum og erlenda fundi.

2. Uppgjör við Mennt vegna samnings frá 3. júlí 2006 og samningur vegna frekari þjónustu (heimsíða og umsýsla).

Aðalheiður Jónsdóttir mætti á fundinn. Smári lagði fram drög að þjónustusamningi við Mennt. Ingibjörg leggur til að ekki sé um prósentuhlutfall að ræða heldur tiltekna upphæð. Aðalheiður benti á að nefna mætti tímafjölda eins og gert hefur verið hjá Mennt.

Varðandi vefsíðugerð nefndi Aðalheiður að til bóta væri að sundurliða hvað felst í heimasíðugerð, s.s. hönnun útlits, uppsetningu, texti, tengingar og þýðingar. Aðalheiður sagði að tímafjöldinn muni standa og mun bera það undir vefara sinn.

Guðjónína benti á að ef sækja á fundi erlendis, greiða fyrir þjónustu og heimasíðugerð, þyrfti að skera eitthvað niður. Ingibjörg taldi að frekar bæri að leita aukinnar fjármögnunar en að skera niður og þá frekar setja inn í samninginn að afla fjár.

Samþykkt að vísa lokagerð samninganna til formanns Leiknar.

**3. Fundargerð samráðs (Folkbildning Norden) 1. september 2006.
(Minnesanteckningar frá Folkbildning Nordens gs-möte i Reykjavik 31/8 – 2/9).**

Formaður þakkar Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fyrir að hafa boðið fundarmönnum til kvöldverðar og kvaðst Ingibjörg muna koma þeim þökkum áleiðis.

- Uttalande, (2 liður).
- Aðalfundur EAEA á Spáni 16.-19. nóvember 2006 og kjör stjórnar, (3 liður)

Evva-Innkeri býður sig fram til stjórnarsetu, en Sturla Bjerker hefur settið þar. Ef til vill verður jafnframt Dani í framboði. Ráðstefna verður um *Communication in Adult Learning* um leið. Ingibjörgu og formanni var falið að finna fulltrúa til að fara á fundinn.

- Ráðstefna ICAE í Nairobi 17.-19. janúar 2007 (4. liður).

Ingibjörg leggur til að Leikn sendi ekki fulltrúa á ráðstefnu Alheimssamtakanna.

- Demokratikonferensen i Stockholm 30 nov – 1 dec 2006 (5. liður).

Ekki verður fulltrú Leiknar sendur en sem flestir hvattir til að fara á vegum eigin stofnunar. Hulda og Smári reikna með að fara. Skráningafrestur hefur verið framlengdur.

- Texti á heimasíðu NVL (www.nordvux.net/page/23/nordiskanatverk.htm) (7. liður).

Breytingar á upplýsingum lagðar fram til kynningar.

4. Endurskoða ákvæða um aðild að Leikn, sbr. 4. lið frá 3. júlí og liður 2. lið frá 10. maí 2006 (Umsókn fræðsludeildar Vinnueftirlits ríkisins um aðild að samtökunum).

Guðjónína leggur til að tilteknum fulltrúum verði falið að semja tillögur til lausnar á þessum efnum. Hulda greindi frá samræðu við fulltrúa Vinnueftirlitsins. Vinna við eftirlit, fræðslu og rannsóknir. Ekkert þessara eininga eru fjárhagslega sjálfstæð. Fræðslan er þó ein af meginnum stöðum Vinnueftirlitsins. Hulda leggur til að við 5. gr. í Samþykkt Leiknar verði bætt við tillögu um aukaaðild og 3 fulltrúar geri það. Markmið Vinnueftirlitsins verður fyrst og fremst að fylgjast með framgangi mála hjá Leikn. Verði lokið fyrir næsta fund.

5. Félagsfundur Leiknar, sbr. 3. lið frá 3. júlí.

Til stóð að halda félagsfund á föstudaginn kemur og opna heimasíðu Leiknar. Af því getur ekki orðið. Finna þarf hentuga tímasetningu. Málin voru rædd og niðurstaða að byrjun desember henti best vegna þess að adalfundur EAEA er þá lokið sem og Democrati ráðstefnan. Ákveðið að hann verði 8. des. kl. 11-14.

Hulda leggur til að fresta fundinum í 3 vikur og tengja hann opnun heimsíðu eins og til stóð.

6. Önnur mál.

Aðalheiður upplýsti um Tengslaráðstefnu á Selfossi 26. - 29. okt. með aðilum í starfsmenntun frá Norðurlöndunum og Eystrasaltlöndunum.

Fundi slitið kl. 15:30

Birna Gunnlaugsdóttir ritaði fundargerð

Verkefni framundan

9 okt. 6. nóv. verður formaður í fríi